



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

1. árg. 5. tölublað. Júní 2005.

EFNI:

Kampýlóbakter á Íslandi **bls. 1**

Nóróveirusýkingar yfir sumarmánuðina **bls. 2**

Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.

Ása Atladóttir

Guðrún Sigmundsdóttir

Sigurlaug Hauksdóttir

Pórolfur Guðnason

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920


Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

KAMPÝLÓBAKTER Á ÍSLANDI

Árin 1998–1999 gekk yfir faraldur af völdum kampýlóbakters á Íslandi sem rekja mátti til sölu á ferskum kjúklingaafurðum. Sala á ferskum kjúklingaafurðum var fyrst leyfð í árslok 1995, en nokkur tími leið þar til salan hófst að marki. Þegar uppruni faraldursins var orðinn ljós var gripið til aðgerða með auknum kröfum um hreinlæti í kjúklingabúum og skipulagðri vöktun á kampýlóbakter-mengun í kjúklingum.

Greinilegar árstíðasveiflur eru í tíðni tilfella í mönnum og hækkar tíðnin síðsumars. Sömu árstíðasveiflur koma fram í fjölda smitaðra kjúklinga. Þrátt fyrir öflugt eftirlit með kjúklingum er ekki útilokað að kampýlóbaktermengaðar kjúklingaafurðir sleppi ófrystar á markaðinn. Það er því full ástæða til að minna á að gæta fyllsta hreinlætis við meðferð kjúklingaafurða svo koma megi í veg fyrir krossmengun til annarra



Sýni voru tekin frá kjúklingunum nokkru fyrir og eftir slátrun og þau rannsökuð m.t.t. kampýlóbaktermengunar. Því verklagi var komið á að frysta alla mengaða kjúklinga áður en þeir fara á markað, en frysting dregur mjög úr sýkingarhættu frá slíkum kjúklingum. Jafnframt fékk almenningur fræðslu um rétta meðhöndlun kjúklingaafurða í heimahúsum.

Í kjölfar þessara aðgerða dró verulega úr fjölda kampýlóbaktersýkinga af innlendum uppruna. Vöktun á kampýlóbaktermengun í kjúklingum sýnir að mengunin hefur haldist að mestu leyti óbreytt og fjöldi tilfella af innlendum uppruna í mönnum hefur haldist lágur frá árinu 2000. Fjöldi sýkinga af erlendum uppruna hefur hins vegar lítið breyst milli ára.

matvæla áður en kjúklingurinn er eldaður. Einnig ber að forðast neyslu kjúklings sem ekki er fyllilega eldaður. Það sem af er árinu 2005 hafa einungis stöku tilfelli greinst í mönnum og nauðsynlegt er að halda sýkingum yfir sumartímamann í skefjum.

Einnig skal á það minnt að fólk getur smitast með öðrum hætti en menguðum kjúklingum. Vitað er að vatnsból sem mengast af yfirborðsvatni geta borið kampýlóbakter og aðrar sýkla í menn. Það gerist helst á sumrin þegar fólk dvelur í sumarbústöðum þar sem vatn er ekki fyllilega öruggt fyrir slíkri mengun. Suda á menguðu neysluvatni hindrar sýkingu.

NÓRÓVEIRUSÝKINGAR YFIR SUMARMÁNUÐINA

*Algeng smitleið
er með
mengaðri fæðu
og vatni.*

*Afar mikilvægt
er að vandað
sé til frágangs
við vatnsból og
skolplagnir.*

*Góður handþvottur
er ávallt mikilvægur
og árangursríkasta
leiðin til að koma í
veg fyrir smit.*

Á undanförunum árum hafa nóróveirusýkingar færst talsvert í vöxt hér á landi einkum yfir sumarmánuðina. Búast má við því að þessar sýkingar eigi eftir að gera vart við sig á komandi mánuðum hér á landi.

Ferðaþjónustan hefur orðið fyrir barðinu á þessum sýkingum því að hópsýkingar hafa m.a. tengst veitinga- og hótélrekstri. Árið 2001 veiktust a.m.k. 117 manns á hóteli á Norðausturlandi. Hópsýking af völdum veirunnar braust þar aftur út síðsumars 2004 þegar um 100 manns sýktust. Rannsókn sem gerð var þá leiddi í ljós að uppruni smitsins var neysluvatn hótelsins sem hafði mengast af nóróveirum, trúlega út frá rotþró (sjá skýringamynd). Gripið var til ráðstafana til að hindra frekara smit.


Þá hafa vinsælir ferðamanna- og sumarhúsastastaðir ekki farið varhluta af þessum sýkingum. Um hvítasunnuna í fyrra veiktust a.m.k. 150 manns (af um 2000) sem sóttu vinsælan ferðamanna- stað á Vesturlandi heim. Ekki tókst að sýna fram á uppruna smitsins en vonast var til að unnt yrði að hindra frekari farsóttir með lagfæringum á vatnsveitu. Minni hópsýkingar hafa einnig brotist út um landið sem tengjast veiðihúsum og sumarbústöðum. Afar mikilvægt er að vandað sé til frágangs við vatnsból og skolplagnir.

Nóróveirusýkingar hafa verið mikið vandamál á skemmtiferðaskipum sem m.a. sigla til Íslands. Þá hafa þær einnig valdið hópsýkingum á öldrunarheimilum og sjúkrastofnunum víða á landinu undanfarin ár. Sýkingar á slíkum stofnunum geta reynst skjólstað-

ingum og starfsfólki þungbærar. Mikilvægt er að gæta fyllsta hreinlætis því sjúkdómurinn er bráðsmitandi. Dæmi eru um að veiran hafi borist í fólk með svífúða tengdum uppköstum frá sjúklingum.

Algengustu einkenni nóróveirusýkinga eru niðurgangur og/eða uppköst sem fylgt geta kviðverkir, beinverkir, höfuðverkur og stundum vægur hiti. Sjúkdómurinn gengur í langflestum tilfellum yfir hjá hraustu fólki á einum til þremur sólarhringum án nokkurrar meðferðar.

Smitleiðir eru margar. Meðal þeirra algengustu eru menguð fæða og vatn. Mengun matvæla frá sýktum einstaklingum er einnig algeng smitleið svo og beint smit manna á milli. Þeir sem haldnir eru



nóróveirusýkingu skulu ekki elda eða framreiða mat fyrir aðra. Góður handþvottur og hreinlæti er ávallt mikilvægt og árangursríkustu leiðirnar til að koma í veg fyrir smit.

Frekari upplýsingar um nóróveirusýkingar er að finna á vef Landlæknisembættisins, www.landlaeknir.is, undir Sóttvarnir/Smitsjúkdómar.